

<b>Dags. fundar:</b> 30. mars 2011	<b>Tími:</b> 17:15	<b>Nr. fundar:</b> 8
<b>Fundarboðari:</b> Ólafur Baldursson	<b>Fundarritari:</b> Steinunn R. Einarsdóttir	<b>Staður:</b> Sundlaugin Laugardal

**Efni fundar:**

1. *Mótaskýrslur fyrir hvern hluta á sundmótum*
2. *Yfirdómari á móti í Vestmannaeyjum*
3. *Punktur Austfirsku dómara og námskeið fyrir Breiðablik*
4. *ÍM-50*
5. *Dómarar á Smáþjóðaleikana*
6. *Önnur mál*

**Viðstaddir:** Ólafur Baldursson, Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Steinunn R. Einarsdóttir og Björn Valdimarsson.

**Boðuð forföll:** Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Fjarverandi en boðaðir:** Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Rætt var að kvitta þurfi fyrir hvern hluta á sundmótum. Ótækt er að yfirdómari, ræsir og yfirtímavörður á síðasta hluta móta kvitti fyrir allt mótið þrátt fyrir að vinna kannski bara einn hluta. Óli ætlar að setja þetta upp.
2. Talað var um að Elías væri dómari í Vestmannaeyjum. Meirihluti nefndarinnar fannst ekki rétt að Elías dæmdi nema að hann færi aftur á lista. Óli ætlar að ræða það við Elías að skrá sig aftur á listann. Elías mun dæma á umræddu móti þar sem hann hefur alla burði til að sinna því verki vel líkt og allir voru sammála um. Skerpa þarf á reglum varðandi svona mál svo ekki komi annað á eftir.
3. Rætt var að austfirskir dómarar fái ekki nógu mörg mót til að geta haldið réttindum sínum. Athuga þarf hvað hægt er að gera varðandi það. Óli talaði um að SSÍ myndi jafnvel halda mót fyrir Austfirðinga. Breiðablik hefur beðið um að fá námskeið. Björn bað þá um að athuga áhuga félaga í kringum sig og skila svo inn ósk um námskeið.
4. Ragga og Gummi sjá um tæknimálin á ÍM50 á miðvikudeginum fyrir mót. Óli, Björn og Steinunn mæta líka til að setja upp. Ólafur verður með endurmenntunarnámskeið á laugardeginum fyrir dómara. Tími ekki komin á það.

5. Tveir dómara hafa verið valdir til að fara á Smáþjóðaleikana. Gústaf og Ólafur Baldurson fara. Birnu var boðið að fara og kemst ekki því var Ólafur næstur í röðinni.
6. Svanhvít er komin í nefndina aftur og var kosin formaður hennar, Björn var valin varaformaður. Rætt var að safna saman dómurum í hádegismat á ÍM50 líkt og var gert áður. Athuga þarf tíma á því eftir að niðurstaða í endurmenntunarnámskeiði er komin.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Setja upp mótablað sem dómara skrifa upp á fyrir hvern hluta	ÓB	Fyrir ÍM50
Endurmenntunarnámskeið á ÍM50	ÓB	Fyrir ÍM50
Setja upp tæknibúnað fyrir ÍM50	Ragga	6.apríl
Mót fyrir Austfirðinga	ÓB	Sem fyrst

**Fylgiskjöl:** Engin.

**Fundi slitið:** kl. 18:00.

**Næsti fundur:** 28.apríl í Sundlauginni Laugardal kl. 17:15